


Barónsstígur 34 – Ævintýraborg við Vörðuskóla

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 4. maí 2023 var lögð fram fyrirspurn Arkþings ehf. f.h. skrifstofu framkvæmda og viðhalds, dags. 2. maí 2023, um breytingu á deiliskipulagi Skólavörðuholts vegna lóðarinnar nr. 34 við Barónsstíg sem felst í sækkun lóðarinnar nr. 34 við Barónsstíg ásamt stækkun á byggingarreit fyrir leikskóla, samkvæmt tillögu Nordic Office of Architecture, dags. 1. mars 2023. Fyrirspurninni var vísað til meðferðar verkefnastjóra og er nú lögð fram að nýju.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag Skólavörðuholt




Skýringamynd með fyrirspurn

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Samkvæmt landnotkun gildandi aðalskipulags er lóðin samfélagsþjónusta (S3). **Deiliskipulag:** Í gildi er deiliskipulag *Skólavörðuholt*, staðfest í B-deild Stjórnartíðinda þ. 17. maí 2002.

Umsögn

Óskað er eftir umsögn skipulagsfulltrúa á að koma fyrir leikskóla / ævintýraborg á skólalóð Vörðuskóla á stækkuðum byggingarreit sem er nú þegar fyrir samkvæmt gildandi deiliskipulagi ásamt lóðastækkun til suðvesturs svo stækka megi leiksvæði. Ekki er farið fram á aukið byggingarmagn umfram gildandi heimildir.



Tillögur hönnuða á möguleikum stækkaðs byggingareits ásamt lóðarstækkun, dags. 25.04.2023

Hönnuður teflir fram þremur möguleikum á stækkun byggingarreits. Endanlegt val veltur á útfærslu þeirra húseininga sem settar verða upp á lóðinni, uppröðun og fjölda þeirra. Skipulagsfulltrúi setur það í hendur hönnuða og sérfræðinga á skrifstofu framkvæmda og viðhalds að meta og velja eina útfærslu umfram aðra. Skipulagsfulltrúi vill þó áréttta að mikilvægt er að huga að gæðum útirýma og leiksvæða fyrir leikskólabörninn við val á útfærslu byggingarreitsins.

Niðurstaða

- Ekki er gerð skipulagsleg athugasemd við stækkun byggingarreits um 1.500m² skv. tillögu hönnuða.
- Ekki er gerð athugasemd við lóðastækkun sem nemur u.þ.b. 650m² skv. tillögu hönnuða. Endanleg gerð á stærð og lögun skal útfærð í nánari samvinnu við embættið.
- Mikilvægt er að huga að gæðum útirýma og leiksvæðis fyrir leikskólabörninn við val á útfærslu byggingarreits.
- Breyta þarf deiliskipulagi sem verður grenndarkynnt með auglýsingu berist umsókn ásamt upprætti.

f.h skipulagsfulltrúa,

/Ingvar Jón Bates Gíslason, arkitekt.